

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt bæjarstjórn Kópavogs 13. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Dalveg.

Í breytingunni felst hliðrun austari inn-/útkeyrslu frá lóðinni við Dalveg vegna hæðarlegu lands og hagræðingar umferðarflæðis innan lóðarinnar. Aukning byggingarmagns neðanjarðar úr 3.205 m² í 6.250 m² fyrir bílageymslu, hjólageymslu, starfsmannaaðstöðu og geymslu- og tæknirými ásamt því að hluti bílastæða ofanjarðar á lóðinni verður fluttur í bílageymslu neðanjarðar. Heildarfjöldi bílastæða á lóðinni er óbreyttur. Þá eru gerðar breytingar á tengingum göngu- og hjólastíga innan lóðarinnar við göngu- og hjólastíga Kópavogsbæjar sem liggja austan við lóðina. Jafnframt er byggingarreitur ofanjarðar stækkaður um 50 cm til suðurs og austurs (að Reykjanesbraut). Hámark byggingarmagns ofanjarðar helst óbreytt fyrir Dalveg 32C eða 9.894 m². Nýtingarhlutfall ofanjarðar er óbreytt 0,8 en nýtingarhlutfall ofanjarðar og neðanjarðar eykst úr 1,15 í 1,31.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 1. júlí 2025.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025